

Umsókn um einkamerki

Endurnýjun

Umsækjandi	Kennitala
Heimili	Póstnr. og staður
Netfang	Sími

Áletrun

Leiðbeiningar við útfyllingu áletrunar (sjá nánar á bakhlið)

Áletrun má vera 2 – 6 íslenskir bókstafir og / eða tölustafir (engin önnur tákni eru heimil).

Aðeins eitt autt bil er leyfilegt í áletrun og skal það sýnt með auðum reit (önnur bil eru óheimil).

Ekki má nota samsetningu fastanúmers (tvo bókstafi og þrjú tölustafi, eða þrjú bókstafi og tvo tölustafi) eða áletrun sem er í notkun.

Vinsamlegast skrifið tölustafinn núll með skástriki (Ø) til aðgreiningar frá bókstafnum O.

Ef áletrun stríðir gegn réttindum annarra eða lögum er það á ábyrgð umsækjanda.

Áletrun er miðjujöfnuð á merkinu og miðjujöfnun miðast við skoðunarmiða.

Ef þess er óskað að miðjujöfnun miðist við brúnir merkisins, merkið þá við hér:

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------	--------------------------



Stærð A (110x520)

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



Stærð B (200x280)



Stærð C (130x240)



Stærð D (155x305)

Tegund skráningarmerkja

 A og A A og B A og D D og D A B C D

Afhendingarstaður einkamerkja:

 Samgöngustofa Skoðunarstofa: _____

Undirskrift umsækjanda	Staður og dagsetning
------------------------	----------------------

Ég samþykki, með beiðni (umsókn/eyðublaði) þessari og undirskrift minni, vinnslu og meðferð á þeim upplýsingum sem henni fylgja. Samgöngustofa mun fylgja gildandi lögum og reglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda.

Greiðsla: Ef greitt er með millifærslu skal leggja inn á reikning 515-26-210867, kennitala 540513-1040.

Skráið kennitölu þess sem millifærir hér: _____

Leiðbeiningar um einkamerki

Einkamerki í stað almennra merkja: Heimilt er að láta í té sérstök skráningarmerki, svokölluð einkamerki, sem koma í stað almennra skráningarmerkja.

Tegund ökutækis: Einkamerki mega vera á **bifreiðum og bifhjólum**, en þó ekki á námubifreiðum og vsk-bifreiðum.

Umsækjandi: Eigandi, meðeigandi og umráðamaður bifreiðar eða bifhjóls geta sótt um og verið rétthafar að einkamerki.

Gildistími (niðurfelling eða endurnýjun): Rétturinn til einkamerkis gildir í átta ár. Hægt er að framlengja réttinn þegar 3 mánuðir eru eftir af gildistíma og skal þá greiða réttindagjald fyrir einkamerki skv. gjaldskrá Samgöngustofu. Skráður eigandi sem er 65 ára eða eldri, þarf hins vegar ekki að greiða gjald fyrir endurnýjun réttinda. Við endurnýjun er rétturinn framlengdur um átta ár. Ef rétturinn er ekki endurnýjaður fellur rétturinn niður og nýr rétthafi getur þá sótt um réttinn gegn greiðslu réttindagjalds. Ef rétthafi fellur frá áður en gildistími er liðinn er heimilt að færa einkamerki yfir á eftirlifandi maka án greiðslu réttindagjalds á grundvelli leyfis til setu í óskiptu búi. Framvísa verður búsetuleyfi sem er staðfest af sýslumanni. Nýr rétthafi gengur inn í rétt fyrri rétthafa og tekur við því sem eftir stendur af gildistíma réttarins.

Úthlutun: Samgöngustofa úthlutar einkamerkjum. Við úthlutun þeirra er farið eftir röð þannig að sá sem fyrst sækir um áletrun hlýtur réttinn til að nota hana. Úthlutun er þó háð þeim fyrirvara að nefnd um áletrun einkamerkja hjá Samgöngustofu samþykki hana.

Heimil áletrun: Í áletrun á einkamerki mega vera 2-6 íslenskir bókstafir og/eða tölustafir. Ekki er heimilt að nota önnur tákni (t.d. bandstrik eða punkta). Í áletrun má vera eitt autt bil sem telst vera hluti af áletrun og er óheimilt að hliðra stöfum á merkinu þannig að bil myndist (annað en hið heimilaða auða bil). Áletrun er miðjujöfnuð á merki og miðast miðjujöfnun við skoðunarmiða nema sérstaklega sé óskað eftir því að hún miðist við brúnir merkisins. Áletrun má ekki vera tveir bókstafir og þrír tölustafir, eða þrír bókstafir og tveir tölustafir (eins og fastanúmer) og heldur ekki sú sama og áletrun á skráningarmerki af eldri gerð sem enn er í notkun. Áletrun á einkamerki má hvorki brjóta í bága við íslenskt málfar né vera líkleg til að valda hneykslun. Ef áletrun stríðir gegn réttindum annarra (t.d. skrásettu vörumerki) eða gegn lögum (t.d. lyfjalögum) er það á ábyrgð rétthafa merkisins.

Afsal merkja: Rétthafi getur afsalað sér rétti til einkamerkja og verður áletrun þeirra þá strax laus til úthlutunar að nýju. Við afsal skal merkjunum skilað inn til Samgöngustofu og er þeim fargað. Eigandi þeirra getur þó heimilað nýjum eiganda að nota merkin, enda séu þau heil og vel læsileg.

Flutningur einkamerkja: Heimilt er að flytja einkamerki á milli ökutækja í eigu rétthafa einkamerkis. Greiða þarf fyrir flutning einkamerkis á milli ökutækja (sjá Kostnaður)

Geymsla einkamerkja: Heimilt er að leggja einkamerki inn til geymslu. Eftir ár í geymslu er merkjunum fargað nema sérstaklega sé óskað eftir frekari geymslu. Rétturinn til einkamerkja fellur þó ekki niður (sjá Gildistíma).

Geymsla almennra merkja: Þegar einkamerki eru afhent á ökutæki skal skila inn almennum merkjum ökutækisins. Almennu merkin eru sett í geymslu þar sem þau eru varðveitt í eitt ár. Ef almennu merkin eru af eldri gerð er þeim fargað við móttöku.

Afhending merkja: Ef ökutæki var á almennum merkjum við afhendingu einkamerkja ber að skila inn almennu merkjunum við afhendingu einkamerkjanna. Þegar ökutæki fer aftur á almenn merki ber að sama skapi að skila inn einkamerkjum. Sjá gjald fyrir afhendingu einkamerkja og almennra merkja.

Kostnaður: Við umsókn um einkamerki skal greiða samtals kr. **67.790**. Þar af er gjald fyrir réttinn til einkamerkis kr. **54.000**, gjald fyrir framleiðslu merkja kr. **13.232** (kr. **6.616** fyrir merkið) og gjald fyrir skráningu kr. **558**. Gjald fyrir skráningu einkamerkis á ökutæki er kr. **558**. Gjald fyrir flutning einkamerkja á milli ökutækja í eigu rétthafa er kr. **2.917**. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkja á milli ökutækja og þegar ökutæki er aftur skráð á almenn merki skal einnig greiða skráningargjald kr. **558**.

Greiðsla: Ef greitt er með millifærslu skal leggja inn á reikning 515-26-210867, kennitala 540513-1040. Skráið kennitölu þess sem millifærir hér: _____

Skoðunarreglur: Hafi einkamerki tölustaf sem síðasta staf á skráningarmerki ræðst skoðunarmánuður af honum en bókstafur sem síðasti stafur á skráningarmerki jafngildir **5** sem síðasta staf á skráningarmerki.